

Alþingi  
Erindi nr. P 126/2344  
komudagur 4.5.2001

Sæl Hildur

Ég fékk áðan skilaboð um að þú hefðir hringt til að fá nánari skýringar á breytingartillögum okkar á frumvarpi sem er mál 627 ( þskj. 1002) – þ.e. hvernig þær megi útfæra. Ég vona að þetta komi að notum:

1.

Að í stað 5. mgr. 6. gr. *frumvarpsins* komi svona texti: “Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskráar til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:

1. Ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hver fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinn afhentu skrá,
3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,
4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við hagstofuna, sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.

2.

Að 1. tl. 1. mgr. 8. gr. *laga* nr. 77/2000 breytist og verði svohljóðandi: “hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tl. 2. gr.” (nauðsynlegt er að rýmka þetta ákvæði frá því sem nú er. Annað er alltof erfitt í framkvæmd).

3.

Að við 8. gr. laganna bætist ný svohljóðandi málsgrein: “Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. ef sýnt er fram á að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitið til þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.”

(rökin fyrir þessari breytingu koma fram í bréfinu mínu, dags. 3. maí)

4.

Að fyrsti málsliður 9. gr. laganna breytist og hljóði svo: “Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og enn fremur eitthvert af eftirfarandi skilyrðum:”

(Þessi breyting er til að innleiða með réttari hætti heldur en gert er í lögum nr. 77/2000 tilskipun nr. 95/46/EB – sjá aðallega 29. og 30. gr. formálakafans).